

Laugalandsskóli í Holtum
Sjálfsmatsskýrsla 12. hluti
Maí 2016



Vinna við læsisstefnu **Laugalandsskóla**

Hulda Brynjólfsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir



Sjálfsmatsskýrsla - Innra mat 2015-2016

Á fyrsta fundi hjá sjálfsmatsteymi skólans, skólaárið 2015 - 2016, sem haldinn var 5. september 2015, sátu Hulda Brynjólfsdóttir sérkennari, Sigurjón Bjarnason skólastjóri, Thelma Marínósdóttir umskjónarkennari og Kristín Sigfúsdóttir aðstoðarskólastjóri. Þar var farið yfir stöðu lestrarkennslu og kennslu í læsi almennt í skólanum.

Umræður voru um áherslur í íslensku og sérstaklega lestrarviðmið. Lestur og lestrarviðmið höfðu þá verið til umfjöllunar öðru hvoru í gegnum tíðina, t.d. á kennarafundi í október 2014.

Ákveðið var að skoða námsmat lesturs m.t.t. atkvæðafjölda og hvenær hætt yrði að miða við atkvæðafjölda hjá nemendum og þeir látnir þreyta framsagnarpróf í lestri, þar sem metið er eftir framsögn og tjáningu.

Ákveðið var á öðrum fundi sjálfsmatsteymisins að fara í samvinnu við leikskólann og vinna að læsisstefnu bæði fyrir leik og grunnskólann. Kristín aðstoðarskólastjóri og íslenskukennari 10. bekkjar, Hulda sérkennari og Ragna Magnúsdóttir umskjónarkennari 3.- 4 . bekkjar tóku verkefnið að sér ásamt fulltrúum leikskólans þeim Sigrúnu Benediksdóttur leikskólastjóra og Hafðísi Ásgeirsdóttur.

Átakið; *Þjóðarsáttmáli um læsi*, sem Sigurjón skólastjóri og Sigrún leikskólastjóri voru viðstödd í Oddakirkju 14. september 2015 varð starfsfólki stofnanna hvatnig til áframhaldandi vinnu að læsisstefnunni.

Á kennarafundi 20. október 2015 var gerð grein fyrir stöðu mála og þá var ákveðið að gefa út bækling með lestrarstefnu hvers aldurstigs, þ.e.a.s. 1. - 2. bekkja, 3. - 4. bekkja og svo framvegis þar sem kæmi fram markmið, leiðir, mat og viðmið. Einnig var ákveðið að gefa út heildarrit um læsisstefnuna. Stefnt var að því að ljúka við hana á vordögum 2016.

Á kennarafundi 19. apríl var gerð grein fyrir þeirri vinnu sem gerð hafði verið við læsisstefnu skólans. Farið yfir markmið og viðmið og hvernig hún yrði kynnt, þannig að allir hlutaðeigandi; nemendur, foreldrar og kennarar viti hver staðan er hverju sinni og hvert skuli stefna.

Á fundi sjálfsmatsteymis skólans á vinnudegi 3. júní 2015 var rætt um og hvernig skal vinna með læsisstefnuna svo hún þjónaði tilgangi sínum. Ákveðið að „**Umabótaáætlun**“ vinnuferli yrði með eftir farandi hætti.

Á námskynningu næsta haust september 2016 eiga allir umskjónarkennarar að kynna fyrir foreldrum lestrarstefnuna í sínum umskjónarabekkjum og afhenta bekkjarbæklingana. Einnig var ákveðið að hún færi inn á heimasíðuna og yrði þar sem sýnilegust. Kennarar eiga að hvetja sína nemendur til lesturs.

[Læsisstefna Laugalandsskóla](#)

[Lestrarstefna 9. – 10. bekkur](#)

[Lestrarstefna 7. – 8. bekkur](#)

[Lestrarstefna 5. -6. bekkur](#)

[Lestrarstefna 3. – 4. bekkur](#)

[Lestrarstefna 1. – 2. bekkur](#)

Það var síðan ákveðið að halda upplýsingafund með kennsluráðgjafa Skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu; Eddu Antonisdóttur fyrir foreldra og starfsfólk skólans um

mikilvægi lestur og hvernig bæði heimili og skóli gætu stuðlað að sem bestum framförum í lestri. Í kjölfarið yrði síðan heildstætt lestrarátak sett af stað í skólanum.

Hulda Brynjólfsdóttir f. h.
sjálfsmatsteymis Laugalandsskóla